

Kópavogi 26.9.2024

Tillag Tryggva Felixsonar, fulltrúa Vina Kópavogs og Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur, fulltrúa Pírata, lögð fram á fundi menntaráðs Kópavogsbæjar október 2024

Gjaldfrjálsar, en líka hollar sem og umhverfis- og loftslagsvænar máltíðir í grunnskólum Kópavogs

Tillaga

Kópavogsbær setji skólum bæjarfélagsins skýr viðmið og leiðbeiningar sem stuðli að boðið verði upp á hollar og umhverfis- og loftslagsvænar máltíðir í skólum bæjarins. Tekið verði mið af Norrænu næringarráðleggingunum 2023. Leitað verði aðstoðar kunnáttufólks í næringarfræði. Menntasviði Kópavogs verði falið umsjón verkefnisins og skal það leita samstarfs við önnur bæjarfélög eftir því sem efni standa til. Haft verði samráð við skólasamfélagið í Kópavogi. Tillaga að viðmiðum og leiðbeiningum liggi fyrir í ársbyrjun 2025.

Greinargerð

Sem greinargerð fyrir tillögunni er vísað í nýleg grein sem birtist á www.visir.is 18. ágúst 2024. Greinin fer hér á eftir:

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir öll börn á Íslandi - nú þarf að vanda til verka

Guðrún E. Gunnarsdóttir, Laufey Steingrímsdóttir og Ludvig Guðmundsson skrifa 18. ágúst 2024 09:59

Aldin, félag eldri aðgerðarsinna gegn loftslagsvá sker upp herör

Börnin eru framtíðin. Öll viljum við hag þeirra sem mestan og bestan. Því er fagnaðarefni að í haust verða skólamáltíðir gjaldfrjálsar fyrir öll börn á Íslandi.

Aldin, félag eldri aðgerðarsinna gegn loftslagsvá, hvetur skólayfirvöld til að nýta tækifærið og gera kröfur um umhverfisvænar og heilsusamlegar skólamáltíðir og sjá til þess að þeim kröfum verið fylgt eftir.

Fáum blandast hugur um mikilvægi góðrar næringar fyrir börn sem eru að vaxa og þroskast. Þar skiptir mestu máli gott og heilnæmt hráefni sem er lítið unnið og meðhöndlað af fagmennsku. Gjörunnin matvæli eiga þar lítið erindi, enda hafa rannsóknir undanfarinna ára sýnt að fáar tegundir matvæla hafa verri áhrif á heilsu. Skólamaturinn er ein af meginmáltíðum dagsins fyrir öll

skólabörn og því er hér á ferðinni mikilvægt lýðheilsumál þar sem sannarlega þarf að vanda til verka.

Umhverfisvænt mataræði er jafnframt heilsusamlegt

Í dag valda matvæli um þriðjungi af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og eru þar með ein af meginástæðum hlýnunar jarðar. Með því að velja umhverfisvænni kost og ekki síst minnka matarsóun við framreiðslu tugþúsunda máltíða hvern skóladag, má hafa veruleg áhrif á losun vegna fæðu. Það vill svo vel til að umhverfisvænt mataræði er jafnframt heilsusamlegt, raunar svo, að það fæði sem tengist bestri heilsu er það sem einnig er gott fyrir umhverfið. Því ætti að vera borðleggjandi að samræma þessa tvo mikilvægu þætti.

Norrænar næringarráðleggingarnar sem komu út 2023 taka nú í fyrsta sinn ekki aðeins til heilsufarslegra þátta heldur einnig umhverfisþátta. Þar er m.a. mælt með að fólk borði meira af grænmeti og fæði úr jurtaríkinu almennt, meiri fisk en minna af kjöti og gjörunnum matvælum. Unnið er að íslenskum ráðleggingum sem byggja á þeim norrænu, og verður þar einnig tekið til umhverfisþátta.

Embætti landlæknis hefur allt frá árinu 2003 gefið út Handbók fyrir grunnskólamötuneyti. Handbókin hefur verið uppfærð reglulega og byggir á ráðleggingum um mataræði. Þar eru góðar og ítarlegar leiðbeiningar og ráð varðandi skólamatinn, þar er fjallað um matarumhverfið, hollustu, matseðlagerð, innkaup, matarsóun og margt fleira. Í Handbókinni er einnig vísað til innkaupastefnu ríkisins þar sem rík áhersla er lögð á umhverfisvernd, kolefnisspor og vistvæn innkaup. Gert er ráð fyrir að Handbókin verði uppfærð skv. nýjustu útgáfu ráðlegginganna.

Leiðbeiningarnar vantar því ekki en spurningin er um að nýta það sem til er og síðan að huga að eftirfylgninni.

Mótun matarvenja hefst í bernsku

Mótun matarvenja hefst í bernsku og því hafa skólamáltíðir mikilvægu hlutverki að gegna, ekki aðeins fyrir næringu dagsins í dag, heldur jafnframt fyrir framtíðarvenjur og viðhorf barnanna til matar og umhverfis. Notalegt umhverfi þar sem börnunum líður vel á matmálstíma hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á viðhorf þeirra til matarins. Matarsóun vegna lystarleysis, tímaskorts eða matvendni barna er mikil áskorun sem þarf að takast á við með öllum ráðum. Okkur er kunnugt um að margir skólar hafa reynt að takast á við vandann en betur má ef duga skal. Áhugasamir matráðar þar sem maturinn er eldaður á staðnum, hafa sumir hverjir gjörbreytt upplifun nemenda og minnkað matarsóun. Sum staðar hafa börn líka verið virkjuð og fengið að koma með tillögur að matseðlagerð, og á þann hátt fengið jákvæða reynslu og fræðslu um umhverfi, hollustu og kostnað matarins.

Ljóst er að kostnaður sveitarfélaga og ríkis vegna þessa verkefnis verður umtalsverður, hleypur á milljörðum á ári. Það er því til mikils að vinna að gætt verði að hagkvæmni og vönduðum vinnubrögðum. Aldin skorar á sveitarstjórnarmenn og skólayfirvöld um land allt að nýta tækifærið sem hér gefst til að bæta umsjón og gæðastýringu skólamatarins til að tryggja að í boði verði holl og góð fæða sem gengur ekki á umhverfi eða náttúru. Börnin okkar eiga það besta skilið.

Guðrún E. Gunnarsdóttir matvælafræðingur.

Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur.

Ludvig Guðmundsson læknir.